



Íþróttamiðstöðin Borg

Vetraropnun

25. ágúst 2014 – 31. maí 2015

Mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga
kl: 14:00—22:00

Föstudaga lokað.

Laugardaga og sunnudaga kl: 11:00—18:00

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Heimasíða: www.gogg.is Netfang: sundlaug@gogg.is

Sími 480 5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.
Efni í blaðið berist fyrir 1. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:
linda@gogg.is eða gogg@gogg.is



HVATARBLAÐIÐ

Þorablótsnefndin 2015 þakkar fyrir sig og vonar að allir hafi skemmt sér vel á blótinu.

*Í næstu nefnd eru:
Sigrún Jóna og Bergur Stóra Hálsi
Bensi og Kristín Miðengi
Jón Örn og Andrea Svinavatni
Drífa Ormsstöðum og
Ásmundur Klausturhólum*

Uppsveitakort 2015

Nú er hafin árviss endurskoðun á Uppsveitakortinu sem gefið er út árlega í 40.000 eintökum og dreift víða. Hægt er að skoða kortið á vefnum www.sveitir.is/kort

Vinsamlegast hafið samband ef þið hafið athugasemdir eða upplýsingar um breytingar á korti eða þjónustulista.

Hjálpumst að við að gera gott kort betra.
Með kveðju frá ferðamálafulltrúa
Uppsveita Árnessýslu
asborg@ismennt.is sími 8981957



FUNDARGERÐ.

360. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnarsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 21. janúar 2015 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Hörður Óli Guðmundsson

Ingibjörg Harðardóttir

Björn Kristinn Pálmarsson í fjarveru Gunnars Þorgeirssonar

Guðmundur Ármann Pétursson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 17. desember 2014.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 17. desember 2014 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) 82. fundur Skipulags- og byggingarnefndar Uppsveita, 8. janúar 2015.

Mál nr. 1, 2 og 3 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 82. fundargerð Skipulags- og byggingarnefndar Uppsveita, dags. 8. janúar 2015. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;



Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur




Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðva frá 1. september til 30. apríl

	Heiðarbær	Lindarskógar	Seyðishólar	Vegholt
Mánudagur				14:00 - 16:00
Þriðjudagur	11:00 - 12:00		14:00 - 16:00	
Miðvikudagur		11:00 - 13:00		14:00 - 16:00
Fimmtudagur			14:00 - 16:00	
Föstudagur		11:00 - 13:00		14:00 - 16:00
Laugardagur	10:00 - 12:00			14:00 - 16:00
Sunnudagur		11:00 - 13:00	14:00 - 17:00	

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir. Lokað er á gámastöðvunum eftirtalda daga: Nýársdag - Föstudaginn langa - Þáskadag - Fridag verkamanna 1. maí - Hvítasunnudag - Þjóðhátíðardaginn 17. júní - Þorláksmessu - Aðfangadag jóla - Jóladað - Annan í jólum og Gamlársdag.

Athugið að opið er fyrir losun heimilisorps allan sólarhringinn á öllum fjórum gámastöðvunum.





Sparidagar eldri borgara á Hótel Örk

Eins og undanfarin ár býður Grímsnes- og Grafningshreppur eldri borgurum sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu að eiga dvöl á sparidögum á Hótel Örk.

Að þessu sinni er búið að taka frá dagana

1. mars –6. mars 2015

Munið að skrá ykkur fyrir 9. febrúar

í síma 480-5500

eða á gogg@gogg.is og stina@gogg.is

Þjónustuaðilar í Grímsnes- og Grafningshreppi

www.gogg.is

Prófaðu að auglýsa **frítt** í Hvatarblaðinu.

Allar fundargerðir má finna inn á www.gogg.is

Heilsugæslan í Laugarási sími 480-5300

Sími í *neyðartilvikum* 892-8804

Apótekið opið: mán.-fös. 9:00-17:00 S. 486-8655

Mál nr. 1: Landsskipulagsstefna - 1501017

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins.

Mál nr. 2: Prastahólar 2-10: Búrfell:

Deiliskipulagsbreyting – 1501016

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að málið verði sett upp sem breyting á deiliskipulagi. Skipulagsfulltrúa falið að grenndarkynna það fyrir eigendum þeirra lóða sem breytast.

Mál nr. 3: Ásabraut 1-40 og Lokastígur 1-10: Ásgarður:

Deiliskipulagsbreyting - 1501013

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu nefndarinnar og felur skipulagsfulltrúa að grenndarkynna breytingartillöguna fyrir öllum lóðarhöfum á svæðinu.

b) Fundargerð 41. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 15. janúar 2015.

Mál nr. 2 og 3 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Fundargerðin lögð fram. Varðandi lið nr. 2, sumaropnun leikskóladeildar þar sem fræðslunefnd leggur til að leikskólinn verði lokaður vegna sumarleyfa frá 1. júlí og 5 vikur þar á eftir og að þetta sumarleyfi verði til frambúðar. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu fræðslunefndar.

Varðandi lið nr. 3, kynning á tveimur bréfum til fræðslunefndar þar sem sveitarfélög eru hvött til að gera átak í að hækka menntunarstig starfsmanna leikskóla. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fræðslunefnd vinni grunn að slíkri stefnu

c) Fundargerð 13. fundar fjallskilaneftndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 15. desember 2014.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Fundargerð 21. fundar Almannaþingarnefndar Árnessýslu, 19. desember 2014.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

e) Fundargerð 8. fundar Skólabjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings, 13. janúar 2015.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Sparidagar á Hótel Örk 2015.

Fyrir liggja upplýsingar frá Hótel Örk um sparidaga eldri borgara. Grímsnes- og Grafningshreppur hefur verið úthlutað vikunni 1. – 6. mars 2015 og samþykkir sveitarstjórn samhljóða að bjóða öllum íbúum sveitarfélagsins 67 ára og eldri á sparidagana.

4. Tölvupóstur frá skáksambandi Íslands og Skákakademíunni um Skákdag Íslands þann 26. janúar n.k.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Skáksambandi Íslands og Skákakademíunni, dagsettur 13. janúar 2015, þar sem sagt er frá Skákdegi Íslands þann 26. janúar n.k. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fenginn verði skákmeistari í heimsókn þar sem farið verði yfir undirstöðuatriði og teflt fjöltefli. Kostnaður við slíka heimsókn er 30 – 35 þúsund.

5. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Nýjabæ, Álfasteinssundi 22, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 15. janúar 2015 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Nýjabæ, Álfasteinssundi 22, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt en óskar jafnframt eftir afriti af rekstarleyfi þegar það er gefið út.

Hver er þín viðskiptahugmynd?

Vinnumálastofnun/velferðarráðuneytið auglýsir styrki til atvinnumála kvenna vegna ársins 2015 lausa til umsóknar.

Skilyrði er að verkefnið/hugmyndin falli að eftirfarandi skilyrðum.

- Verkefnið sé í eigu konu/kvenna og stjórnað af konu
- Verkefnið feli í sér nýnæmi eða nýsköpun
- Verkefnið feli í sér atvinnusköpun til frambúðar
- Viðskiptahugmynd sé vel útfærð
- Veittir eru styrkir til gerðar viðskiptaáætlunar, vegna markaðssetningar og gerðar markaðsáætlunar, þróunar vöru eða þjónustu, hönnunar og efniskostnaðar.
- Ennfremur geta konur sem hafa fullmótaða viðskiptaáætlun og hafa hug á því að stofna fyrirtæki á næstunni eða hafa stofnað fyrirtæki en ekki hafið rekstur, sótt um styrk til að koma henni í framkvæmd.

Heildarfjárhæð styrkja að þessu sinni eru kr. 35.000.000 og er hámarksstyrkur

kr. 3.000.000. Ekki eru veittir lægri styrkir en kr. 400.000.

Umsóknarfrestur er frá 15. janúar til og með 16. febrúar og skal sækja um rafrænt hér á heimasíðu verkefnisins en þar má ennfremur finna nánari upplýsingar um styrkina. www.atvinnumalkvenna.is

Atvinnumál kvenna á Facebook <https://www.facebook.com/atvinnumalkvenna>

Nemendur 5ta og 7unda bekkjar hafa flutt Lagarfljótsorminn eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson, þjóðvísur um gömlu mánuðina, fróðleiksmola um þorrann og valdar vetrarvísur. Nemendur 8. bekkjar fluttu Óhræsið eftir Jónas Hallgrímsson, og meiningin er að flytja á næstunni safn skondinna og skemmtilegra vísna eftir Ísleif Gíslason og fleiri snilldarmenn og konur. Nemendur 3ja og 4ða bekkjar hafa komið tvisvar fram og fóru með bráðvel ortar og skondnar vísur, sumar eftir óþekktan höfund, aðrar eftir orðsnillinginn Þórarinn Eldjárn, auk annars efnis. Nemendur fyrsta og annars bekkjar fluttu vísuna um hana Grýlu, sem gafst upp á rólunum – og eru nú að undirbúa sig fyrir aðra atrennu, sennilega strax í næstu viku. Allt var þetta með sérstökum ágætum – og hver slík stund endaði svo með samsöng, sem áður var lýst. Margt er nú á döfinni á vormisseri, og ákveðið er að föst röð og regla verði á framsögninni – að bekkjardeildirnar skipti með sér verkum.

Margar flugur, eitt högg

Eins og nærri má geta eru í þessum söng- og samverustundum slegnar margar flugur í einu höggi, og mætti segja mér að þarna fáiist viðspyrna til þess að mæta mörgu hæfni- og leiknimarkmiði námsskrárinna – en það er önnur saga. Og margt er enn hægt að hugsa sér að nota stundina í, t.d. markvissa samþættingu tals og tóna. Um þessa möguleika og aðra sannfærðist ég þegar jólavísur voru færðar í rappbúning á einum vikivakanum – og ekki síður lokadaginn á haustmisseri þegar nemendur tónlistarskólans, Kristín Lilja og Samúel, kennari þeirra Hjörtur Hjartarson og okkar maður Maggi Kjartans efndu á stundinni til 4ra manna hljómsveitar, sem flutti okkur undurfallegt lag með fjölbreyttum hljóðfæraleik.

Bjarni Þorkelsson, kennari í Kerhólsskóla



6. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Lækjarbrekku 5, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 12. janúar 2015 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Lækjarbrekku 5, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt en óskar jafnframt eftir afriti af rekstarleyfi þegar það er gefið út.

7. Bréf frá Þjóðskrá Íslands þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins á endurmati fasteignamats í Tjarnarvík, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Þjóðskrá Íslands, dagsett 12. janúar 2015 þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins á endurmati fasteignamats í Tjarnarvík, Grímsnes- og Grafningshreppi. Bréfið lagt fram.

8. Beiðni Stígamóta um fjárstyrk fyrir árið 2015.

Fyrir liggur bréf frá Stígamótum, dagsett 10. desember 2014 um fjárstyrk til reksturs samtakanna á árinu 2015. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

9. Bréf frá framkvæmdarstjóra Markaðsstofu Suðurlands þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið skipi sérstakan tengilið við stofnunina.

Fyrir liggur bréf frá framkvæmdarstjóra Markaðsstofu Suðurlands, dagsett 15. desember 2014 þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið skipi sérstakan tengilið við stofnunina. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Ása Valdís Árnadóttir verði tengiliður sveitarfélagsins.

10. Bréf frá Minjastofnun vegna umsagnar stofnunarinnar við lýsingu á skipulagsverkefni vegna breytingar á deiliskipulagi í landi Kiðjabergs, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Minjastofnun / Minjaverði Suðurlands vegna umsagnarbeiðni deiliskipulags í landi Kiðjabergs, Grímsnes- og Grafningshreppi. Bréfið lagt fram til kynningar.

11. Bréf frá Skipulagsstofnun um lýsingu vegna tillögu að breytingu á Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015, skálasvæðis í Geitlandi og ísganga í Langjökli.

Fyrir liggur bréf frá Skipulagsstofnun, dagsett 30. desember 2014 ásamt lýsingu á tillögu að breytingu á Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015 vegna skálasvæðis í Geitlandi og ísganga í Langjökli, Borgarbyggð. Lagt fram til kynningar.

12. Bréf frá Landsneti um matslýsingu vegna kerfisáætlunar 2015-2024 og gagnaöflunar.

Fyrir liggur bréf frá Landsneti ásamt matslýsingu vegna kerfisáætlunar Landsnets 2015 – 2024. Lagt fram til kynningar.

13. Bréf frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna auglýsingar um tillögu að nýju svæðisskipulagi – Höfuðborgarsvæðið 2040.

Fyrir liggur bréf frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dagsett 12. desember 2014 ásamt tillögu til auglýsingar að nýju svæðisskipulagi – Höfuðborgarsvæðið 2040. Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps vill benda á að gera mætti betur grein fyrir loftgæðamælingum í kafla 4 þar sem gert er grein fyrir vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins og hvernig verði brugðist við, m.t.t. virkjana Orkuveitu Reykjavíkur á Nesjavöllum og Hellisheiði.

14. Bréf frá Skipulagsstofnun þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins vegna tillögu að Landskipulagsstefnu 2015 – 2026.

Fyrir liggur bréf frá Skipulagsstofnun, dagsett 19. desember 2014 ásamt tillögu að Landsskipulagsstefnu 2015-2026, til kynningar. Kynningarfundur verður haldinn í Hótel Selfoss, miðvikudaginn 28. janúar n.k. milli kl. 15-17. Málinu frestað til næsta fundar

Vikivaki?

Meðal annarra orða: Ættum við kannski að endurvekja gamalt heiti um skemmtifundi og skrifa „VIKIVAKI“ á stundatöfluna árdegis á miðvikudögum? Þær stundir eru óborganlegir gleðifundir, skal ég segja ykkur, lesendur góðir. Allir grunnskólakrakkar, flestöll leikskólabörn, kennarar og starfsfólk, safnast saman niðri í Gili. Þar er hátt til lofts og vítt til veggja, kjörinn staður fyrir samkomur af þessu tagi. Hljómburður er góður og tækifæri fyrir upplesara til að láta í sér hvína, ef á þarf að halda – en einnig að leyfa blæbrigðum raddarinnar að njóta sín í lágstemmdri túlkun, þegar við á. Því er hér með komið á framfæri að þarna niðri í Gili er kjörinn framtíðarstaður fyrir slíkt starf, staður sem rúmar auðveldlega alla nemendur og starfsfólk skólans: Aðeins þarf að koma upp leiksviði og leiktjöldum, ræðupúlti og hljóðkerfi, svo framsögn og leikræn tjáning verði sjálfsagður en jafnframt hversdagslegur þáttur í skólastarfinu – við kjöraðstæður. Stærri samkomur er svo sjálfsagt að halda í Félagsheimilinu, eins og venja er til þegar foreldrum og öðrum góðum gestum er boðið á árshátíð.

Gilið

Í Gilinu hafa skólabörnin látið til sín taka í haust: Grunntónninn er sleginn í sameiginlegri söngstund, þar sem allir viðstaddir syngja með, lög og söngva á borð við þau sem nefnd hafa verið og ótal fleiri. Undirleikinn annast sá meistari sem nefndur verður á nafn áður en yfir lýkur. Textunum er varpað uppá vegg, og lærast þeir fljótt. Svo vel gengur þessi aðferð upp, að tala má um fyrirhafnarlaust utanbókarnám á vísun og ljóðum – og hver hefur ekki gott af því?

Seinni vikurnar hefur svo bæst við, undir stjórn og handleiðslu kennaranna, flutningur einstakra bekkjardeilda á ýmsu bitastæðu sem nemendur eru að fást við í ljóða- og íslenskunáminu, leikrænni tjáningu og framsögn. Allt er þetta ómetanleg æfing í því **að koma fram** og nýtist vel sem ræktunarpáttur Stóru upplestrarkeppninnar – og auðvitað þeirrar litlu líka.

Syngjandi skóli – seinni hluti

Er lifað í draumi?

Hafið þið nokkuð, foreldrar góðir, orðið varir við það upp á síðkastið, að börnin ykkar flauti fjörlegan lagstúf, æfi saman eitthvert lag eða syngi kvæði? Það gæti hafa verið Komdu litli ljúfur, Hudson Bay, Ég lifi í draumi, Nú andar suðrið, Jólasveinavísur Jóhannesar úr Kötlum, fjölmörg jólalög, þrettándakvæðin Stóð ég úti í tungsljósi, Máninn hátt á himni skín, Nú er frost á Fróni. Og nú allra síðast Þorralög og vetrarvísur á borð við þessa hér:

Betra er að vera klakaklár
og krafsa snjó til heiða
en lifa mýldur öll sín ár
undir hnakk og reiða. Hermann Jónasson.

Sjálfur get ég sagt þá sögu, til að skýra þessa spurningu mína, að á dögnum þurftu skólabörn að bíða örskotsstund eftir því að ég kæmi þeim til hjálpar með úrlausnarefni. Þau biðu á lengdar meðan ég sinnti öðru. Heyri ég þá, mér til ómældrar gleði, að börnin rauluðu fyrir munni sér vísu úr kvæðinu Fylgd eftir Guðmund skáld Böðvarsson, kvæði sem um þær mundir var kappsamlega æft til flutnings í *Söng og samveru* – sem allt eins mætti auðvitað kenna við *Lífsleikni*, eina af stundaskrárbundnu námsgreinunum okkar í Kerhólsskóla:

Ef að illar vættir
inn um myrkragættir
bjóða svikasættir
svo sem löngum ber
við í heimi hér:
Þá er ei þörf að velja
þú mátt aldrei selja
það úr hendi þér.

15. Hækkun á yfirdráttarheimild.

Fyrir liggur tillaga frá sveitarstjóra að yfirdráttarheimild á bankareikning sveitarfélagsins verði hækkuð um 60 milljónir króna til 15. maí n.k. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að óska eftir þessari hækkun hjá viðskiptabanka sínum.

16. Grafningur og Grímsnes, byggðasaga.

Í ljós hefur komið eftir útgáfu bókarinnar að ekki er allra núverandi íbúa sveitarfélagsins getið. Sveitarstjórn harmar að svo er. Herði Óla er falið að sjá til þess að bókin verði leiðrétt og gefin út á ný.

17. One system – málakerfi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að tekið verði upp mála-, skjala- og fundargerðarkerfi frá One System.



Til kynningar

- ✓ Heilbrigðisnefnd Suðurlands.
Fundargerð 161. stjórnarfundar 12.12 2014.
- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga.
Fundargerð 823. stjórnarfundar, 12.12 2014.
- ✓ Samtök orkusveitarfélaga.
Fundargerð 19. stjórnarfundar, 12.01 2015.
- ✓ Bréf frá Ungmennaráði UMFÍ, dagsett 18. desember 2014 þar sem vakin er athygli á ráðstefnunni „Ungt fólk og lýðræði 2015“, dagana 25. – 27. mars n.k.
- ✓ Hjálparsveitin Tintron, ársreikningur 2013.
- ✓ Ungmennafélagið Hvöt, ársreikningur 2013.
- ✓ Íþróttafélagið Gnýr, ársskýrsla 2013.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:35

Þorrinn

Þorrinn hefur að vonum verið okkur hugleikinn síðustu vikuna. Við höfum sett upp sýningu á gömlum munum, á bóndadag var þorramatur á borðum sem gerð voru góð skil. Einnig hafa nemendur verið að æfa ýmis þorra- og vetrarljóð og lög, hafa þau bæði lesið upp og sungið.



*Boendur munum konudaginn 22. febrúar !
og Valentínusardaginn 14. febrúar !*



*Til sölu túlípanar og
ferskar kryddjurtir í pottum:)*

Opið alla virka daga frá 10-14 eða eftir samkomulagi.

Sími 694 8405.



Gróðrastöðin Ártangi er á Sólheimahringnum.

KVEÐJUSTUND OG DÓTADAGUR Á LEIKSKÓLADEILD



Í síðustu viku var uppbrot á deginum á leikskóladeild, afmælum mánaðarins var fagnað og einn nemandinn Guðsteinn Þór var kvaddur. Börnin máttu koma með leikfang að heiman, horft var á teiknimynd og í síðdegishressingu fengu allir köku.



Prjónakaffi á Gömlu Borg

Fyrsta þriðjudagskvöld í hverjum mánuði
kl. 20:00 er prjónakvöld á Gömlu Borg.


Allir velkomnir og munið eftir prjónunum!



Saumakompan Kringlu Grímsnesi



Fataviðgerðir, gardínusaumur
og ýmiskonar einfaldur
saumaskapur



Elsa Jónsdóttir
Sími 486 4515

Íslenskt svínakjöt beint frá bónda.



Heimasalan opin á
föstudögum kl. 16 – 18.

*Verið velkomin að kíkja
við, fá ykkur kaffisopa og
kaupa í helgarmatinn !*

Sjá www.ormsstadir.is

Við erum líka á facebook, Ormsstaðir,
Pantanir og allar upplýsingar í síma

894 - 0932 eða 486 - 4465

Tölvupóstur: ormsstadir@ormsstadir.is

FEDGAVERK
Jarðvinnuverktakar



Tökum að okkur stór og smá verk:
jarðvinnu - tætingu - snjómokstur - jarðheflun
fólksflutninga, 6 og 11 farþega.

Erum með gröfur í stærðunum:
2,7 - 5,5 - og 24 tonn

Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848-1123 og 868-4115

Email: verktaki89@gmail.com

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk



Kerhólsskóli





Íbúum með lögheimili í sveitarfélaginu er boðið upp á að kaupa árskort í sund, þreksal og íþróttasal.

Fullorðnir, 17 - 67 ára 8.000 kr.

Börn, 7 - 16 ára 3.500 kr.

Kortin fáast í Íþróttahúsinu.

Þrástalandur í Þjóðbraut



Veitingastaður og söluskáli

í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Opið:

mánudaga - fimmtudaga 11:00 - 18:30

föstudaga og laugardaga 11:00 - 19:30

Sunnudaga 11:00 - 18:00

Verið velkomin

Sími 486-8686

Verslunin Borg

Opnunartími í vetur.

Mánud. - fimmtud. frá kl. 10:00-19:00

Föstud. og laugard. frá kl. 10:00-20:00

Sunnudaga frá kl. 11:00-18:00

Verið velkomin - alltaf heitt á könnunni

*Öll almenn dekkjaþjónusta,
leitið verðtilboða :)*

Sími : 486-4408



Fótboltaæfingar

Fótboltaæfingar eru byrjaðar og verða þær á **laugardögum**,
kl. 11:00 -12:00 í vetur í íþróttahúsinu.

Æfingarnar eru fyrir 1.-5. bekk og er elsti árgangur
leikskólabarna velkominn.



Ungmennafélagið Hvöt



Kerhólsskóli



SKÁKDAGUR ÍSLANDS 26. JANÚAR

26. janúar s.l var Skákdagur Íslands haldinn um land allt. Hann er haldinn á fæðingardegi Friðriks Ólafssonar, fyrsta stórmeistara Íslendinga sem á stórafmæli í ár en hann verður áttæður.

Að skákdeginum standa Skáksamband Íslands, Skákakademían og taflfélögin í landinu. Kjörorð dagsins voru einkunnarorð skákhreyfingarinnar: Við erum ein fjölskylda. Með þeim er undirstrikað að allir geta teflt, óháð kyni, aldri eða líkamsburðum. Af þessu tilefni fengum við góða heimsókn í Kerhólsskóla, Björn Þorfinnsson, alþjóðlegur skákmeistari heimsótti skólann, fór yfir undirstöðuatriði skákarinnar og tefldi fjöltefli við nemendur. Þetta heppnaðist afar vel og nemendur voru mjög hrifnir af þessari upptöku.

Einn nemandi, Samúel í 8. bekk, náði að fella stórmeistarann á tíma og var að vonum ánægður með það, þó að tímahlutföllin væru nú nemendum töluvert í hag, þeir fengu 3 mínútur en meistarinn 13 sekúndur 😊 Nú er ætlunin að æfa skák af kappi í skólanum.



BREYTT SÍMANÚMER HJÁ GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPI

Skrifstofa	480 5500
Kerhólsskóli	480 5520
Sundlaug	480 5530
Áhaldahús	480 5531
Félagsheimili	480 5535

Skrifstofa Grímsnes- og Grafningshrepps er opin mánudaga - föstudaga kl. 9.00 - 15.00
Sími 480-5500
www.gogg.is

Vinsamlegast munið að moka frá ruslatunnunum !



Bændur athugið

Deildarfundur Sláturfélags Suðurlands fyrir m.a. Grímsnes-, Grafnings- og Þingvalladeild verður haldinn þriðjudaginn 3. mars n.k. í matsal SS á Selfoss. Fundurinn hefst kl. 20:30.

Deildarstjóri

Félagsvist



Kæru sveitungar !

Við ætlum að efna til þriggja kvölda keppni í félagsvist í Félagsheimilinu Borg og spila næstu 3 miðvikudagskvöld **11/2, 18/2 og 25/2 kl. 19:00**
Spilað verður heilt spjald.

Að loknu spili hvert kvöld verður boðið upp á kaffi og kökur.

Verðlaun verða veitt fyrir hvert kvöld, stigahæsti karl og stigahæsta kona, stigalægsti karl og stigalægsta kona. Svo verða verðlaun fyrir samanlagt stigahæsta karl og stigahæstu konu öll kvöldin.

Við vonumst til að sjá sem flesta og eiga frábært kvöld saman.

Endilega takið miðvikudagskvöldin frá í febrúar.

Sjáumst hress :)

Æskulýðs- og menningarmálanefnd
Hugrún Sigurðardóttir
Karl Þorkelsson
Steinar Sigurjónsson



Sauðfjarræktarfélagið Barmur

Aðalfundur Sauðfjarræktarfélagsins Barms verður haldinn í Félagsheimilinu Borg

Þriðjudagskvöldið 24. febrúar 2015. kl. 20:00

Venjuleg aðalfundarstörf

Páll Stefánsson Dýralæknir flytur erindi



Allir velkomnir

Stjórnin.



Vantar ykkur Bókhaldsaðstoð.



-Skattframtöl,
-bókhald fyrirtækja, vsk uppgjör, launauppgjör,
ársreikningar.

Endilega hafið samband.

Guðrún Ásgeirsdóttir,
Viðurkenndur bókarí
netfang: bokhaldgudrunar@gmail.com